

Mannauðsstefna

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Gildi starfsfólks sambandsins

Víðsýni sem birtist í störfum metnaðarfulls starfsfólks sem býr yfir hæfni, þekkingu og vilja til þess að skara fram úr. Starfsfólk fagnar fjölbreytileika, vinnur að jafnrétti, kemur fram af virðingu og leitar nýrra leiða til að aðstoða sveitarfélögin við að þróa samfélagið í rétta átt.

Ábyrgð sem birtist í hlutverki starfsfólks sem málsvara sveitarfélaga í landinu. Á þeim vettvangi er unnið með staðreyndir, komið fram af festu og leitað eftir árangursríkum samskiptum. Starfsfólk lágmarkar sóun, er öðrum fyrirmynd og hefur velferð samfélagsins að leiðarljósi.

Traust sem birtist í þjónustu við öll sveitarfélög í landinu, með því að tryggja fagleg vinnubrögð og miðlun hlutlægra upplýsinga.

Starfsfólk

- Starfsemi sambandsins byggir á því að fyllsta jafnræðis sé gætt milli kynja og hver starfsmaður njóti sín á grundvelli eigin verðleika.
- Jafnréttis- og jafnræðissjónarmið eru fléttuð inn í alla starfsemi og stefnumótun sambandsins. Hvers konar mismunun er ekki liðin, svo sem vegna búsetu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.
- Samskipti milli starfsfólks einkennast af gagnkvæmri virðingu.
- Starfsfólk sambandsins kappkostar að vinna á grundvelli gilda, leiðarljóss og markmiða sambandsins. Starfsfólk miðlar upplýsingum sín í milli og styður hvert annað við lausn verkefna.
- Starfsfólk sambandsins veitir góða og faglega þjónustu og innir hana af hendi eins vel og samviskusamlega og kostur er. Heildræn sýn og jafnræði eru lögð til grundvallar í störfum sambandsins og þess er gætt að viðhalda góðu orðspori þess.
- Starfsfólk þekkir vel hlutverk sambandsins og verkefni samkvæmt samþykktum þess og starfar á grundvelli þeirra sem og í samræmi við gildandi stefnumörkun sambandsins hverju sinni.

- Starfsfólk gætir þagmælsku um atriði sem það fær vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Stjórnendur

- Stjórnendur skapa svigrúm svo allt starfsfólk hafi kost á að eflast og ná aukinni færni í starfi sínu. Þeir haga stjórnun sinni á þann veg að starfsgleði og góðum starfsanda sé viðhaldið og efla eins og kostur er starfsánægju alls starfsfólks.
- Stjórnendur kappkosta að rækta sem best þann mannauð sem í starfsfólki býr þannig að hvert þeirra fái notið hæfileika sinna svo hver starfsmaður geti betur sinnt starfi sínu, sjálfum sér og starfsemi til hagsbóta.
- Stjórnendur sýna gott fordæmi í öllum verkum sínum og virkja forystuhlutverk sitt í þágu jákvæðrar þróunar skipulagsheildarinnar. Þeir ástunda reglulega endurgjöf og hvatningu og leitast þannig við að efla og styrkja hæfileika alls starfsfólks. Starfsþróunarsamtöl eru tekin reglulega.

Starfsumhverfi

- Launakjör hjá sambandinu miðast við að laða að hæft starfsfólk og halda því í starfi með því að bjóða samkeppnishæf laun og eftirsóknarvert vinnuumhverfi, þar sem m.a. starfsþróunarmöguleikar eru miklir.
- Starfsumhverfi sambandsins er hvetjandi og stuðlar að ánægju og vellíðan starfsfólks. Áhersla er á forvarnir og jákvæð viðbrögð í tengslum við heilsu og líðan starfsfólks.
- Vinnustaðurinn er fjölskylduvænn og lögð er áhersla á að jafnvægi ríki á milli vinnu og einkalífs.
- Vinnuaðstaða starfsfólks og tækjakostur tekur mið af þeim verkefnum og viðfangsefnum sem starfið krefst.
- Stefna sambandsins og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni er aðgengileg í sérstakri handbók ásamt öðrum reglum um réttindi og skyldur starfsfólks.

Samþykkt í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. mars 2018

*Karl Björnsson
framkvæmdastjóri*